

I. INNGANGUR

1. Tilgangur siðareglna

Siðareglur þessar setja fram þau siðferðilegu viðmið sem gilda um alla sem starfa í nafni félagsins. Þær eru settar til að: Tryggja að starfsemi félagsins sé í samræmi við grunngildi þess. Vernda börn og fjölskyldur sem félagið starfar í þágu. Viðhalda trausti almennings, styrktaraðila og samstarfsaðila. Veita skýrar leiðbeiningar um viðeigandi hegðun og framkomu. Styðja við heilbrigða og virðingarbæra vinnustaðameningu.

2. Gildissvið

Siðareglur þessar gilda um alla sem koma fram í nafni félagsins: Stjórnarmenn — í pólitískum og opnum sætum. Varamenn í stjórn. Framkvæmdastjóra og starfsfólk. Sjálfboðaliða. Fulltrúa í nefndum og starfshópum (þ.m.t. siðanefnd og fagráð). Aðra sem koma fram fyrir hönd félagsins.

Í skjali þessu er vísað til allra þessara aðila sameiginlega sem „fulltrúa félagsins“.

3. Tengsl við grunngildi

Siðareglur þessar byggjast á grunngildum félagsins samkvæmt 3. gr. samþykktu: Hagsmunir barna í fyrirrúmi — í öllum ákvörðunum. Gagnsæi — í störfum og samskiptum. Ábyrgð — í framkvæmd og fjármálum. Heilindi — í orðum og gjörðum. Sanngirni — gagnvart öllum. Fagmennska — í öllu starfi.

4. Tengsl við önnur skjöl

Siðareglur þessar eru hluti af stjórnunarkerfi félagsins og tengjast: A2.1 Samþykktir — lagagrundvöllur siðareglna. A2.2 Hlutverk og skyldur — verkaskipting stjórnar og nefnda. A2.4 Hagsmunaárekstrastefna — ítarlegar reglur um hagsmunaárekstra. A2.6 Kvörtuna- og kærumsálsferli — málsmeðferð kvartana, tímarammar og eyðublöð.

Ef misræmi er á milli siðareglna og samþykktu félagsins, gilda samþykktir.

II. GRUNNGILDI Í FRAMKVÆMD

5. Hagsmunir barna

Hagsmunir barna og ungmenna skulu ávallt vera í fyrirrúmi í starfi félagsins (sbr. 2. gr. samþykkt). Fulltrúar félagsins skulu: Látta það sem barninu er fyrir bestu ráða för í öllum ákvörðunum sem varða börn. Virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (sbr. 2. gr. samþykkt). Hlusta á raddir barna og taka tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska. Vernda börn gegn hvers kyns skaða, misnotkun og vanrækslu.

6. Gagnsæi

Félagið starfar á opinn og gagnsæjan hátt. Fulltrúar félagsins skulu: Vera heiðarlegir og sanngjarnir í öllum samskiptum. Miðla nákvæmum og réttum upplýsingum. Forðast að villa um fyrir fólki eða leyna upplýsingum sem skipta máli. Vera tilbúnir að útskýra og rökstyðja ákvarðanir.

7. Ábyrgð

Félagið ber ábyrgð á gjörðum sínum og nýtir fjármuni á ábyrgan hátt. Fulltrúar félagsins skulu: Einungis nota fjármuni og eigin félagsins í þágu þess og verkefna sem samræmast stefnu þess. Ekki skuldbinda félagið umfram samþykktir eða heimildir. Axla ábyrgð á eigin gjörðum og viðurkenna mistök. Gæta þess, við öflun fjármuna, að hafa sjálfstæði félagsins í heiðri (sbr. 24. gr. samþykkt).

8. Heilindi

Félagið starfar af heilindum og í góðri trú. Fulltrúar félagsins skulu: Koma fram af heiðarleika og virðingu gagnvart öllum. Standa við gefin loforð og skuldbindingar. Forðast að taka að sér verkefni sem ganga gegn markmiðum félagsins. Leitast við að samræma orð og gjörðir.

9. Sanngirni

Félagið kemur fram af sanngirni og virðir jafnrétti og mannréttindi. Fulltrúar félagsins skulu: Koma fram við alla af sanngirni og án mismununar. Virða mannréttindi og mannlega reisn. Ekki mismuna á grundvelli þjóðernis, uppruna, kyns, aldurs, fíötlunar, trúar eða stjórnmálaskoðana. Veita öllum jöfn tækifæri til þátttöku.

10. Fagmennska

Félagið byggir starf sitt á bestu fánlegu þekkingu og gögnum. Fulltrúar félagsins skulu: Leitast við að viðhalda og auka þekkingu sína. Byggja ákvarðanir á gögnum og rökum fremur en tilfinningum eða fordómum. Sinna verkefnum sínum af kostgæfni og metnaði. Viðurkenna mörk eigin þekkingar og leita aðstoðar þegar þörf krefur.

III. ALMENN HEGÐUNARVIÐMIÐ

11. Framkoma og virðing

Fulltrúar félagsins skulu í öllum samskiptum: Koma fram af kurteisi, virðingu og hlýju. Hlusta af athygli og sýna samkennd. Forðast niðurlægjandi orðfæri eða framkomu. Ekki sýna áreitni eða misbeita valdi, hvorki kynferðislega né á annan hátt. Taka mark á gagnrýni og vera tilbúnir að endurskoða eigin afstöðu.

12. Samskipti við samstarfsfólk

Í samskiptum við aðra fulltrúa félagsins skulu menn: Styðja við jákvætt og uppbyggilegt andrúmsloft. Miðla upplýsingum sem skipta máli fyrir sameiginleg verkefni. Virða mismunandi sjónarmið og skoðanir. Leysa ágreining með ró og rökræðu. Forðast að baktala aðra eða dreifa sögusögnum.

13. Samskipti við ytri aðila

Í samskiptum við stjórnvöld, fjölmiðla, styrktaraðila og samstarfsaðila skulu fulltrúar: Gæta þess að koma ekki fram fyrir hönd félagsins nema með viðeigandi heimild (sjá kafla 14). Miðla nákvæmum upplýsingum sem endurspeglar samþykktu stefnu félagsins. Koma fram af fagmennsku og á málefnalegan hátt. Forðast að gera loforð sem félagið getur ekki staðið við.

14. Talsmenn og opinber tjáning

14.1. Heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins

Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og samstarfsaðilum. Framkvæmdastjóri kemur fram í daglegum samskiptum og getur tjáð sig opinberlega í samræmi við samþykktu stefnu. Aðrir þurfa sérstaka heimild formanns eða framkvæmdastjóra til að tjá sig opinberlega í nafni félagsins.

14.2. Þegar talað er í nafni félagsins

Halda sig við samþykktu stefnu félagsins. Gera skýrt að um afstöðu félagsins sé að ræða. Forðast persónulegar skoðanir sem gætu ruglast saman við afstöðu félagsins. Tilkynna framkvæmdastjóra eða formanni um viðtöl eða opinberar yfirlýsingar.

14.3. Varamaður í fjarveru

Ef formaður er fjarverandi tekur varaformaður við talsmennsku. Framkvæmdastjóri getur einnig verið talsmaður í fjarveru formanns og varaformanns, í samræmi við heimildir sínar.

15. Notkun samfélagsmiðla

Samfélagsmiðlar eru öflug samskiptatæki en krefjast varfærni.

15.1. Á persónulegum reikningum

Fulltrúar mega ekki tjá sig í nafni félagsins án heimildar. Ef rætt er um málefni félagsins skal gera skýrt að um persónulegar skoðanir sé að ræða. Aldrei birta trúnaðarupplýsingar um félagið, börn eða fjölskyldur. Forðast að deila efni sem gæti skaðað orðspor félagsins.

15.2. Á reikningum félagsins

Allar færslur skulu vera í samræmi við samþykktu stefnu félagsins. Formaður eða framkvæmdastjóri samþykkir efni fyrir birtingu. Aldrei birta auðkennanlegar myndir af börnum án skriflegs leyfis foreldra/forráðamanna OG samþykkis barnsins. Svvara athugasemdum og fyrirspurnum af kurteisi og fagmennsku.

15.3. Almennar varúðarreglur

Aldrei deila upplýsingum í reiði eða skyndilegum geðshræringar. Hafa í huga að það sem birt er á netinu getur varðveist til frambúðar.

16. Pólitísk þátttaka og aðskilnaður

Félagið er sjálfstætt í ákvörðunum sínum og stefnumótun, ekki undirskipað neinum stjórnmalaflokki (sbr. 2. gr. og 15. gr. samþykktu).

16.1. Fulltrúum er HEIMILT að

Vera pólitískt virkir utan félagsins. Taka þátt í kosningabaráttu fyrir flokkinn sinn sem einstaklingar. Tjá persónulegar stjórnmalaskoðanir á eigin samfélagsmiðlum (skýrt merkt sem persónulegar). Gagnrýna ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu í eigin nafni.

16.2. Fulltrúum er ÓHEIMILT að

Nota stöðu sína í félaginu til að efla flokkinn (t.d. „Sem stjórnarmaður FtA segi ég: kjósið X-flokk“). Hindra eða seinka málefnum félagsins vegna pólitískra hagsmuna. Leka trúnaðarupplýsingum til stjórnmalaflokks. Láta hagsmuni flokksins vega þyngra en hagsmuni barna í ákvörðunum. Nota samskiptaleiðir félagsins til að dreifa flokkspólitísku efni.

16.3. Ef hagsmunaárekstur er fyrir hendi

Þegar málefni snertir flokkinn eða stjórnmalasamtök fulltrúa gilda reglur A2.4 Hagsmunaárekstrastefnu, kafla 8 (pólitískir hagsmunir og sjálfstæði). Viðkomandi skal tilkynna, sitja hjá við umræður og ákvarðanir, og víkja af fundi ef stjórn óskar þess.

IV. SAMSKIPTI VIÐ BÖRN OG FJÖLSKYLDUR

Þessi kafli er sérstaklega mikilvægur vegna þess að félagið vinnur að hagsmunum barna og getur þurft að hafa bein samskipti við börn og fjölskyldur, m.a. í tengslum við upplýsingaöflun og hagsmunagæslu.

17. Grundvallarreglur

Allir fulltrúar félagsins skulu virða réttindi barna samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það sem barni er fyrir bestu skal ávallt hafa forgang. Börn skulu njóta sérstakrar verndar af hálfu fulltrúa félagsins. Öryggi barna skal tryggt hverju sinni.

18. „ALDREI“ reglur

Fulltrúar félagsins mega ALDREI: Beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða ofbeldi. Hegða sér á kynferðislega óviðeigandi hátt gagnvart barni. Þróa samband við barn sem gæti talist fela í sér misbeitingu. Vera ein á afmörkuðum stað með barni. Biðja barn um trúnaðarupplýsingar án vitneskju foreldra/forráðamanna. Taka myndir eða hljóðrita barn án samþykkis foreldra OG barnsins sjálfs. Deila viðkvæmum upplýsingum um barn á samfélagsmiðlum eða opinberlega. Lofa barni einhverju sem félagið getur ekki staðið við. Nota niðurlægjandi orðfæri eða gera lítið úr barni. Láta óátalda hegðun barns sem er ólögleg, óörugg eða skaðleg. Mismuna börnum eða hampa einu barni yfir annað á óréttlátan hátt.

19. „ÁVALLT“ reglur

Fulltrúar félagsins skulu ÁVALLT: Koma fram við börn af virðingu, kurteisi og hlýju. Vera sýnilegir þegar unnið er með börnum — forðast einangruð svæði. Tryggja samþykki foreldra/forráðamanna fyrir viðtölum og þátttöku. Útskýra fyrir barni hvað viðtalið snýst um á aldurshæfan hátt. Láta barn vita að það getur stoppað viðtal hvenær sem er. Vernda auðkenni barns í öllum útgefnum gögnum (nema skriflegt leyfi liggi fyrir). Ræða við börn um réttindi þeirra og hvað þau geta gert ef þau eru í vandræðum. Tilkynna til barnaverndar ef grunur vaknar um misferli (sjá kafla 23).

20. Viðtöl og upplýsingaöflun

Þegar félagið tekur viðtöl við börn eða fjölskyldur í tengslum við hagsmunagæslu eða rannsóknir gilda eftirfarandi reglur:

20.1. Fyrir viðtal

Fá skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna. Útskýra tilgang viðtalsins og hvernig upplýsingar verða notaðar. Útskýra hverjir munu hafa aðgang að upplýsingum. Gera grein fyrir rétti til að neita þátttöku eða hætta hvenær sem er.

20.2. Á meðan viðtal stendur

Hafa viðtal á öruggum og opnum stað — helst með öðrum fullorðnum viðstöddum. Forðast leiðandi spurningar. Gæta vel að líðan barnsins — stöðva ef barnið verður óöruggt eða óþæginnlegt. Leyfa barni að svara á sínum eigin hraða.

20.3. Eftir viðtal

Geyma upplýsingar á öruggan hátt. Vernda auðkenni í öllum útgefnum gögnum. Eyða upptökum þegar ekki er lengur þörf á þeim. Gefa foreldrum/forráðamönnum kost á að yfirfara hvernig upplýsingar eru notaðar.

21. Myndataka og persónuvernd

Skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna er nauðsynlegt fyrir allar myndir af börnum. Samþykki barnsins sjálfs skal einnig fengið þegar við á. Útskýra hvernig myndirnar verða notaðar og hversu lengi. Forðast myndir sem gætu sett börn í vandræði eða hættu. Virða ef barn eða foreldri óskar eftir að mynd sé fjarlægð.

Félagið skal hafa staðlað eyðublað fyrir samþykki fyrir myndatöku og notkun mynda af börnum.

V. TRÚNAÐUR OG ÞAGNARSKYLDA

22. Trúnaðarskylda

Fulltrúar félagsins bera trúnaðarskyldu við félagið (15. gr. samþykkta). Þetta felur í sér að: Gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Forðast athafnir sem geta skaðað félagið. Nota ekki stöðu sína til persónulegra hagsmuna.

23. Þagnarskylda

Þagnarskylda nær til allra upplýsinga sem viðkomandi fær vitneskju um í starfi sínu og telja til trúnaðarmáls, þar á meðal: Persónuupplýsingar um börn og fjölskyldur sem félagið hefur samband við. Innri ráðagerðir stjórnar eða framkvæmdastjóra. Fjárhagsupplýsingar sem ekki eru opinberar. Samskipti við stjórnvöld eða samstarfsaðila.

Þagnarskylda helst þótt viðkomandi láti af störfum hjá félaginu.

24. Undantekningar frá þagnarskyldu

Þagnarskylda vikur þegar: Upplýsingar eru þegar opinberar. Lögboðin skylda krefst birtingar (t.d. tilkynningarskylda til barnaverndar). Stjórn félagsins heimilar birtingu. Nauðsynlegt er til að vernda öryggi einstaklinga.

VI. TILKYNNINGARSKYLDA

25. Tilkynningarskylda til barnaverndar

Samkvæmt lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 ber öllum skylda að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn: Búi við óviðunandi uppeldisaðstæður. Verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þessi skylda gengur framur þagnarskyldu. Fulltrúar félagsins skulu þekkja tilkynningarskyldu sína vel.

26. Tilkynning brota á siðareglum

Fulltrúar félagsins sem verða varir við brot á siðareglum eða öðrum reglum félagsins skulu tilkynna um þau. Tilkynningar skulu beint til: Trúnaðarmanns stjórnar — sem er óháður móttökuaðili (sjá kafla 29). Formanns siðanefndar — ef kvörtun beinist að trúnaðarmanni. Formanns félagsins — ef kvörtun beinist að framkvæmdastjóra.

Nánari ferli er lýst í A2.6 Kvörtuna- og kærumsferli.

27. Vernd uppljóstrara

Einstaklingur sem tilkynnir í góðri trú um brot á lögum, siðareglum eða samþykktum innan félagsins skal verndaður gegn hefndaraðgerðum (15. gr. samþykktu). Þetta á við hvort sem tilkynning reynist rökstudd eða ekki, svo framarlega sem hún var sett fram í góðri trú.

Hefnd telst sjálfstætt brot á siðareglum og getur leitt til viðurlaga.

VII. HAGSMUNAÁREKSTRAR

Hagsmunaárekstrar eru skilgreindir í 22. gr. samþykktu félagsins. Ítarlegar reglur, skilgreiningar, dæmi og verkferlar eru í A2.4 Hagsmunaárekstrastefnu.

Fulltrúar félagsins skulu: Lýsa öllum hugsanlegum og raunverulegum hagsmunaárekstrum. Tilkynna án tafar ef hagsmunaárekstur kemur upp. Sitja hjá við umræður og ákvarðanir þar sem

hagsmunaárekstur er fyrir hendi. Víkja af fundi ef stjórn óskar þess. Ekki taka þátt í ráðstöfun fjármuna eða eigna til verkefna þar sem þeir eða einstaklingar nánir þeim eiga hagsmuna að gæta.

VIII. SIÐANEFND

Samkvæmt 30. gr. samþykktá skal félagið hafa siðanefnd.

28. Hlutverk siðanefndar

Siðanefnd fjallar um: Áfrýjanir vegna brottvikningar úr félaginu (sbr. 7. gr. samþykktá). Ágreinings- eða kvörtunarmál sem vísað er til hennar. Túlkun siðareglna þessara. Ráðgjöf til stjórnar um siðferðileg málefni.

Siðanefnd tekur EKKI ákvarðanir um ráðningu, uppsögn eða fjármál. Hlutverk hennar er siðferðileg úrskurðun og ráðgjöf.

29. Skipan siðanefndar

Siðanefnd er skipuð þremur fulltrúum: Einn tilnefndur af stjórn. Einn kosinn af aðalfundi. Einn utanaðkomandi sérfræðingur í siðfræði, lögfræði eða félagsráðgjöf, tilnefndur af stjórn.

Skipunartími er þrjú ár. Heimilt er að endurskipa hvern fulltrúa einu sinni (samtals 6 ár hámark). Siðanefnd kýs sér formann úr eigin hópi á fyrsta fundi eftir skipan. Stjórn tilnefnir einn varamann í siðanefnd sem tekur sæti ef aðalmaður er vanhæfur eða forfallaður.

30. Hæfisskilyrði

Siðanefndarmenn skulu vera óháðir og mega ekki vera: Stjórnarmenn (meðan þeir sitja í siðanefnd). Framkvæmdastjóri eða starfsfólk félagsins. Nákomnir ættingjar stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra.

31. Gildi úrskurða

Áfrýjanir vegna brottvikningar: Úrskurðir eru endanlegir innan félagsins. Aðrir úrskurðir: Úrskurðir eru ráðgefandi en stjórn skal taka tillit til þeirra. Ef stjórn víkur frá álitum siðanefndar skal rökstyðja það skriflega.

32. Málsmeðferð og skýrslugjöf

Málsmeðferð siðanefndar, þ.m.t. andmælaréttur, tímarammi og áfrýjunarferli, er skilgreind í A2.6 Kvörtuna- og kærumsferli.

Siðanefnd skal skila stuttri ársskýrslu til stjórnar um fjölda og eðli mála, án persónugreinanlegra upplýsinga. Fundargerðir siðanefndar eru trúnaðarmál en niðurstöður úrskurða skulu kynntar stjórn.

IX. TRÚNAÐARMAÐUR STJÓRNAR

33. Skipan og hæfi

Stjórn skipar trúnaðarmann úr sínum hópi. Trúnaðarmaður má ekki vera formaður, varaformaður né gjaldkeri. Skipunartími er 1 ár, endurskipan heimil.

34. Meginhlutverk

Vera óháður móttökuaðili fyrir ábendingar og kvartanir. Taka við kvörtunum vegna framkvæmdastjóra, stjórnarmanna eða annarra. Tryggja trúnað um viðkvæmar upplýsingar. Vísa málum til siðanefndar eða stjórnar eftir eðli máls.

35. Takmarkanir

Trúnaðarmaður tekur ekki ákvarðanir í málum heldur sér um móttöku og framsendingu. Trúnaðarmaður skal hafa aðgang að stjórn til að koma ábendingum á framfæri án þess að rjúfa trúnað um uppruna.

36. Samskiptaleiðir og verklag

Upplýsingar um hvernig hafa má samband við trúnaðarmann skulu vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Nánara verklag trúnaðarmanns við móttöku og vísun kvartana er í A2.6 Kvörtuna- og kærumsálsferli.

37. Ef kvörtun beinist að trúnaðarmanni

Ef kvörtun beinist að trúnaðarmanni sjálfum skal málinu vísað beint til formanns siðanefndar.

X. VIÐURLÖG

38. Tegundir viðurlaga

Brot á siðareglum geta varðað viðurlögum. Viðurlög geta verið: Áminning — munnleg eða skrifleg. Brottvísun úr félaginu — fyrir alvarleg brot (sbr. 7. gr. samþykkt). Brottvísun úr starfi — fyrir starfsfólk, í samræmi við ráðningarsamning.

Val viðurlaga fer eftir alvarleika brots, hvort um endurtekin brot er að ræða, og hvort viðkomandi sýndi iðrun og vilja til úrbóta.

39. Réttlát málsmeðferð

Áður en viðurlög eru lögð á skal: Viðkomandi gefinn kostur á að tjá sig um málið skriflega (14 daga frestur, sbr. 7. gr. samþykkt). Ákvörðun tilkynnt viðkomandi skriflega og rökstudd. Viðkomandi upplýstur um rétt til áfrýjunar.

Nánari reglur um málsmeðferð, áfrýjun og tímaramma eru í A2.6 Kvörtuna- og kærumálsferli.

XI. GILDISTAKA OG ENDURSKOÐUN

40. Gildistaka

Siðareglur þessar taka gildi við samþykkt stjórnar á stofnfundi félagsins.

41. Endurskoðun

Stjórn skal endurskoða siðareglur þessar a.m.k. á tveggja ára fresti, eða fyrr ef þörf krefur. Endurskoðun skal miða að því að siðareglur séu í samræmi við bestu starfsvenjur og þarfir félagsins.

42. Breytingar

Breytingar á siðareglum skulu samþykktar af stjórn. Meiriháttar breytingar skulu kynntar aðalfundi.

43. Aðgengi

Siðareglur þessar skulu vera aðgengilegar á vefsíðu félagsins og kynntar öllum nýjum fulltrúum félagsins.

VIÐAUKAR — YFIRLIT

Eftirfarandi viðaukar eru hluti af siðareglum félagsins og skulu gerðir sem aðskilin hliðstæð skjöl:

Viðauki A: Skuldbindingaryfirlýsing — Undirritað eyðublað þar sem fulltrúar félagsins staðfesta að þeir hafi kynnt sér siðareglur og skuldbinda sig til að fylgja þeim. Framkvæmdastjóri varðveitir undirritaðar yfirlýsingar.

Viðauki B: Leiðbeiningar um samskipti við börn — Hagnýtur gátlisti fyrir undirbúning, framkvæmd og eftirfylgni viðtala við börn og ungmenni, í samræmi við kafla 20.

Viðauki C: Samþykki fyrir myndatöku — Eyðublað fyrir skriflegt samþykki foreldra/forráðamanna og barns vegna myndatöku og notkunar mynda, í samræmi við kafla 21.

— Lok skjals A2.5 — Samþykkt af stjórn: [Dagsetning]

BREYTINGASKRÁ

| Útgáfa | Dags. | Lýsing |
|--------|--------------|--|
| 1.0 | Des. 2025 | Upprunalegt skjal |
| 2.0 | Des. 2025 | Uppfært til samræmis við samþykktir (A2.1 v2.0) |
| 2.1 | Des. 2025 | Uppfært til samræmis við samþykktir (A2.1 v2.1): Sætaflokkar, greinatilvísanir uppfærðar |
| 3.0 | Mars 2026 | Uppfært til samræmis við samþykktir (A2.1 v3.0): Allar greinatilvísanir uppfærðar (22. gr. hagsmunaárekstrar, 30. gr. siðanefnd, 24. gr. fjármögnun, 15. gr. sjálfstæði og uppljóstraravernd). Kaflanúmerun samræmd (1–43). Skörun við A2.6 fjarlægð — málsmeðferð siðanefndar, tímarammi og áfrýjun vísa nú í A2.6. Kvörtunareyðublað fært til A2.6. Pólitískur aðskilnaðarkafli stytur og vísar í A2.4 kafla 8 varðandi formleg hagsmunaárekstraferli. Fagråd bætt við gildissvið. Barnaverndarlög uppfærð: lög nr. 80/2002 → lög nr. 86/2021 um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Uppljóstraravernd tengd við 15. gr. samþykktar. Eyðublöð skráð sem aðskilin hliðstæð skjöl í stað þess að vera skrifuð út í viðaukum. |